



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 07.03.2018

Efni: Umsögn Hafrannsóknastofnunar um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (stjórn álaveiða), 215. mál.

Hafrannsóknastofnun fagnar framkomnu frumvarpi. Um er að ræða breytingar sem fela í sér að ráðherra getur með reglugerð sett reglur um álaveiðar sem m.a. banna eða takmarka álaveiðar um allt land eða á tilteknum svæðum ef það er talið nauðsynlegt að mati Hafrannsóknastofnunar.

Þær breytingar sem um ræðir eru til samræmingar á ákvæðum laga um lax- og silungsveiði (lög nr. 61/2008) um veiðar og nýtingu annarra tegunda fiska í ám og vötnum. Breytingin er mikilvæg til að hægt sé að uppfylla markmið laganna sem er: „Markmið laga þessara er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra“. Sú breyting sé hér er gerð er liður í að ná þeim markmiðum sem og að uppfylla þá ráðgjöf Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES) og European Inland Fisheries Commission (EIFAC) að ráðgjöf um veiðar sé sem næst 0 og þar sem veitt er sé ástand stofna þekkt. Áll hefur verið á lista Convention on International Trade in Endangered Species (CITES) frá 2009 yfir tegundir í útrýmingarhættu og fylgir því bann við inn og útflutningi af efnahagssvæðinu auk þess sem upprunavottorða er krafist varðandi sölu afurða. Ísland hefur það orðspor að geta almennt státað af ábyrgri fiskveiðistjórnun. Sú breyting sem lögð er til er liður í því að áll geti fallið undir þá skilgreiningu einnig.

Áll (*Anguilla anguilla*) hefur þá sérstöðu að hann hrygnir í sjó í Þanghafinu (Saragossa haf við mynni Mexicoflóa) þaðan berast lírfur með Golfstraumnum að ströndum Evrópu. Sú ferð tekur 2-3 ár og þegar állinn gengur í árnar nefnist hann gleráll. Áll elst upp í ferskvatni og einnig í einverjum mæli við strendur landsins. Í ferskvatni er állin mest í láglendisvötnum, kýlum og skurðum. Í uppvextinum kallast hann guláll og það tekur hann frá 12-30 ár að ná kynþroska hér á landi. Þegar kynþroska er náð gengur állinn til sjávar og heldur í sína löngu göngu á hrygningarstöðvar. Þegar állinn verður kynþroska verður hann bjartur yfirlitum til að aðlagast uppsjávarlífi og kallast þá bjartáll. Útbreiðslusvæði áls er frá ca 30°N og til 70°N. Vaxtarhraði og aldur við sjávargöngu er mismikill eftir aðstæðum og því hægari eftir því sem norðar dregur og hitastig verður lægra. Eftir því sem best er vitað er Evrópuállinn ein stofneining og því

ekki víst að afkvæmi ála frá Íslandi berist aftur hingað. Þar sem um eina stofneiningu er að ræða skipta allar veiðar máli fyrir stofninn í heild.

Auk Evrópuálsins er einnig álastofn við austurströnd Norður-Ameríku (*Anguilla rostrata*) sem hefur útbreiðslusvæði frá Yucatan skaga til Labrador og Vestur-Grænlands. Sá stofn hrygnir einnig í Þanghafinu en talið er að það sé ekki á sama stað og sama tíma og Evrópuálinn. Fundist hafa blendingar milli Evrópuáls og Ameríkuáls á Íslandi en í afar lágrí tíðni. Staða stofns Ameríkuálsins í heild er síst betri en Evrópuálsins, og er hann nú á lista (e. red list) IUCN, International Union for Conservation of Nature fyrir tegundir í útrýmingarhættu og jafnframt á lista CITES líkt og Evrópuállinn.

Áll hefur verið nýttur með veiðum um langt skeið einkum við strendur sunnanverðrar Evrópu. Skráður afli var 18 – 20 þúsund tonn á sjötta áratug síðustu aldar. Aflinn hefur verið 2-3 þúsund tonn frá 2009 og 2280 tonn 2016. Ástæður fækkunar geta verið af ýmsum toga og eru strandþjóðir Evrópu hvattar til að draga úr afföllum áls af völdum veiða, virkjana, vatnsveita, framræslu, mengunar og fleiri þátta sem stafa af mannlegum athöfnum.

Hér á landi finnst áll einkum í vötnum og tjörnum á undirlendi sunnan og vestanlands. Veiðar og nýting hefur verð einhver en afli hefur ekki verið gefinn upp af veiðiréttarhöfum þótt lög kveði á um að slíkt skuli gert. Á árunum eftir 1960 var gert átak til að auka álaveiðar með uppsetningu á móttöku til verkunar og vinnslu. Þá kom í ljós að afli minnkaði mjög hratt og að gengið væri á veiðistofninn. Með þeim litla vaxtarhraða sem hér er hefur vöxtur og nýliðun ekki staðið undir þeim veiðum. Síðan hefur verið reynt að veiða ál en í litlum mæli og ekki vitað um skráðan afla. Ekki ver vitað til að álaveiðar séu taldar til mikilla hlunninda veiðiréttarhafa.

Til að uppfylla markmið laga um lax- og silungsveiði (sjá hér að framan) er mikilvægt að tryggja sjálfbæra nýtingu. Það verður ekki gert án þess að til komi ábyrg stjórnun veiða þar sem ástand og veiðiþol er þekkt og ekki veitt umfram veiðiþol. Þannig gildi sömu ákvæði um ál eins og aðrar tegundir fiska í ám og vötnum hér á landi.

Nánar má sjá skýrslu vinnunefndar ICES um ál hér:

<http://www.sustainableeelgroup.org/2017/11/07/ices-wgeel-report-2017-online-read-executive-summary/>

og fiskveiðiráðgjöf ICES hér:

<http://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Advice/2017/2017/ele.2737.nea.pdf>

F. h. Hafrannsóknastofnunar


